



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

## *HverfisSKIPULAG 2019 - Árbær 7.1 Ártúnsholt*

Á fundi borgarráðs þann 10. október 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. september 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 25. september 2019 á tillögu að hverfisSKIPULAGI Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í hverfisSKIPULAGI birtist framtíðarsýn fyrir gróin hverfi og heimildir til breytinga og minniháttar uppbyggingar verða til. Allt miðast að því að hverfin verði sjálfbærari og grænni og að íbúar geti þekkt hverfin sín vel og þær heimildir sem þar er að finna, hvort heldur sem það er í verslunarkjörnum eða á einkalóðum. Aldrei hefur verið farið í eins viðamikið samráð við íbúa eins og við gerð hverfisSKIPULAGS og hafa þúsundir borgarbúa á öllum aldri komið að vinnunni, allt frá vinnu grunnskólabarna við líkön af hverfunum sínum til einstaklinga sem sitja í rýnihópum. Með hverfisSKIPULAGINU fylgja leiðbeiningar til að auðvelda skilning á skipulagi og því hvað sjálfbært hverfi er. Um tímamót er að ræða, þar sem verið er að auka gagnsæi í deiliskipulagi og heimildir borgarbúa til að breyta húsnæði sínu með betri og einfaldari hætti. Gerð heildstæðs skipulags fyrir hverfi borgarinnar hefur verið lengi í vinnslu enda viðamikið verkefni. Það er því fagnaðarefni að leiðbeiningar og fyrsta hverfisSKIPULAG borgarinnar hafi nú verið samþykkt samhljóða af borgarráði.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

HverfisSKIPULAG er til þess fallið að einfalda stjórnkerfið og auka gagnsæi fyrir íbúa um rétt þeirra í hverfunum. Að loknu ítarlegu samráðsferli hefur verið ákveðið að falla frá heimild til að reisa fjölbýlishús við Birtingarkvísl. Það er jákvætt að hér hafi verið komið til móts við þann vilja íbúana.

Helga Björk Laxdal  
e.u.